

Mannvit hf.  
Haukur Einarsson  
Urðarhvarfi 6  
203 Kópavogur

Reykjavík 24. mars 2020  
UST202003-291/B.S.  
10.05.00

**Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Drög að tillögu að matsáætlun - Vindorkugarður á Mosfellsheiði. Umsögn**

Vísað er til bréfs Mannvits hf. dags. 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreind drög.

Ráðgert er að reisa 200 MW vindorkugarð á Mosfellsheiði innan Grímsnes- og Grafningshrepps og Ölfuss. Í upphafi verður byrjað með 50 MW og síðar bætt við 100-200 MW.

Umhverfisstofnun telur að í drögunum séu tilgreindir þeir þætti sem helst munu hafa áhrif vegna framkvæmdarinnar.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að byggja vindorkugarða nærrí öðrum orkuvinnslusvæðum þannig að mögulegt sé að nýta innviði sem fyrir eru. Því telur stofnunin að fjalla eigi ítarlega um möguleika á því að tengjast núverandi háspennulínum beint í stað þess að leggja jarðstreng að næsta tengivirkni.

Skoða mætti hvort unnt sé að hækka spennu á þeim háspennulínum liggja næst fyrirhuguðum vindorkugarði, ef slíkt gæti nýst í stað jarðsrengs.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædd drög.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

